

Skilmálar þjónustu Sjóvá Vegaverndar

FÍB rekur hjálparþjónustu fyrir Sjóvá Vegavernd og sér um aðstoðina. Þjónustan er bundin við skipulagt þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. innan bæjarmarka Álftaness, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarnessbæjar. Skipulagt þéttbýli á Akureyri, Selfossi og í Reykjanesbæ. Þjónusta FÍB verður án endurgjalds fyrir STOFN félagi innan þeirra marka sem hér fara eftir:

- Innifalinn í Sjóvá Vegavernd er eftirfarandi þjónusta:
 - Rafgeymavandræði, start gefið með kapli.
 - Sprungið dekk, Aðstoð við að setja varadekk undir.
 - Ef bíll er bensínlaus, kemur þjónustubíll með bensínbrúsa og setur á bíl (5 l.), Stofn félagi greiðir bensínið.
 - Mat á ástandi bílsins. Ef ekki er hægt að laga bílinn á staðnum hringir FÍB aðstoð á dráttarbíl ef viðskiptavinur óskar þess. Stofn félagi greiðir kostnað sem fellur til vegna dráttarbíls.
- Allir Stofn félagar geta nýtt sér þjónustu hjá Sjóvá Vegavernd á árinu 2008, með eðlilegu tilliti til veðurs og færðar. Gefa þarf upp kennitölu þess sem skráður er fyrir Stofni og gildir verndin fyrir alla með sama lögheimili og vátryggingartaki. Aðstoðin miðast við að ökutækið sé á bílastæði, götu eða vegi en ekki á stað þar sem akstur er óheimill, í vatni, foraði eða öðrum vegleysum.
- Þjónustan sem veitt er vegna einkabifreiða innan ramma þessara skilmála. Veitt er þjónusta vegna einkabifreiða innan þessara stærðarmarka:
 - Farartæki allt að 3.500 kílóum í heildarþyngd
 - Heildarbreidd 2.3 metrar.
 - Heildarlengd (á vélknúnum farartækjum) allt að 5.5 metrar.
 - Dekkjastærð allt að 33"
- Sjóvá Vegavernd sinnir fyrst og fremst bráðatilvikum (sbr. þjónustuuptalningu). Ætlast er til að Stofn félagi viðhaldi ökutæki sínu á viðeigandi og fullnægjandi hátt. Sjóvá Vegavernd nær ekki til tjónaaðstoðar, t.d. þegar um árekstur er að ræða, en við bendum viðskiptavinum okkar á að hafa samband við okkur í síma 440 2000 vegna tjóna og í neyðartilvikum má hafa samband við tjónavakt Sjóvá í síma 800 7112.
- Ef viðskiptavinur telst misnota þjónustuna áskilur Sjóvá sér rétt til að neita honum um frekari þjónustu Sjóvá Vegaverndar.
- Öll nætur og helgaraðstoð innan ramma þessara skilmála miðast við bráðatilvik og neyð. Sími Sjóvá Vegaverndar er **440-2222** og hægt að ná sambandi allan sólarhringinn.
- Sjóvá Vegavernd mun ekki veita þjónustu sem fellur til vegna þess að varahjólbarði er ekki til staðar eða ekki í lagi.